

Nýtt takmark, Barónsstíg 13, 101 Reykjavík

S. 5551114 og 8923555, netfang nytttakmark@simnet.is

Til stjórnar velferðarráðs Reykjavíkur

Reykjavík 28. nóv. 2018

Um leið og við þökkum fyrir góðan fund á áfangaheimilinu þann 14. nóv. s.l. sendum við nú bréf eins og um var talað í viðræðum formanns og framkvæmdastjóra Nýs takmarks við formann og varaformann velferðarráðs Reykjavíkur.

Nýtt takmark félagasamtök hóf rekstur áfangaheimilis að Barónsstíg 13 árið 2014 en í u.þ.b. 25 ár þar á undan rak líknarfélagið Takmarkið áfangahús í þessu húsnæði Reykjavíkurborgar. Nýtt takmark tók á sama tíma við fjögurra herbergja íbúð á Grettisgötu 71 sem er í eigu Félagsbústaða. Tólf herbergi eru á Barónsstíg, þar af eru þrjú tvíbýli og þrjú svefnherbergi eru síðan á Grettisgötu fyrir þrjá menn. Heimilið er í samstarfi við SÁÁ og Landspítala en flestir skjólstæðingar heimilisins sem eru karlmenn á öllum aldri koma frá eftirmeðferð SÁÁ á Vík og fá eftirfylgni í göngudeild SÁÁ að meðferð lokinni. Reglur heimilisins miðast við þátttöku í heimilisstörfum og framkvæmd á bataáætlun frá meðferðarstaðnum. Heimilismenn greiða 99.500 fyrir húsnæði, mat og þjónustu.


Erindi

Við óskum eftir því að Reykjavíkurborg útvegi tvær fjögurra herbergja íbúðir í nágrenni við Barónsstíg gegn hófstílltri leigu og geri okkur kleift að hafa 12 einbýli á Barónsstíg 13. Ef þessi hugmynd næði fram að ganga hefðum við pláss fyrir 21 samtals, alla á einbýli. Með þessum breytingum munum við búa betur að skjólstæðingum okkar, en brottfall af heimilinu er mest af tvíbýlunum, minna álag yrði á meðferðina vegna betri árangurs og þar með dregur úr kostnaði Reykjavíkurborgar vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnafíknar.

Barónsstígur 13 er gott hús sem hentar vel fyrir okkar starfsemi og hefur nýlega fengið viðhald utanhúss og að hluta til innanhúss. Ennþá er þó margt ógert varðandi viðhald innanhúss sem þarf að meta og forgangsraða.

F.h. stjórnar Nýs takmarks,

Georg Heide Gunnarsson framkvæmdastjóri



Jóhannes Sigurðsson formaður

